

Nd.

1106. Nefndarálit

[360. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Varðandi breytt fyrirkomulag á bifreiðaskoðun, sem 3. gr. frumvarpsins gefur möguleika á, leggur nefndin sérstaka áherslu á að þjónusta við bifreiðaeigendur verði bætt. Tryggja verður að bíleigendur í dreifbýli eigi kost á skoðun bifreiða sem næst sinni heimabyggð og að nýttar verði heimildir til samninga við bifreiðaverkstæði til að annast þessa þjónustu.

Að þessu tilskildu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Óli P. Guðbjartsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1988.

Ólafur G. Einarsson,
form.

Jón Kristjánsson,
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðni Ágústsson.

Geir Gunnarsson.

Valdimar Indriðason.